

## VINNUSTAÐANÁMSSJÓÐUR

### Ársskýrsla 2016

Vinnustaðanámssjóður er starfræktur skv. lögum nr. 71/2012 um vinnustaðanámssjóð og veitir styrki til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Markmið sjóðsins er að hvetja fyrirtæki og stofnanir til að taka við nemendum sem stunda vinnustaðanám sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og gera þeim kleift að ljúka tilskildu vinnustaðanámi. Styrkir til vinnustaðanáms eru veittir á grundvelli ákvörðunar um framlög á fjárlögum hvers árs.

#### Stjórn Vinnustaðanámssjóðs

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar níu aðalmenn og níu varamenn í stjórn vinnustaðanámssjóðs til fjögurra ára í senn. Eftirfarandi aðilar tilnefna í stjórn sjóðsins: Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samband íslenskra sveitarfélaga, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Félag íslenskra framhaldsskóla, Samband íslenskra framhaldsskólanema, Kennarasamband Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneyti. Formaður og varaformaður Vinnustaðanámssjóðs eru skipaðir án tilnefningar. Stjórn hefur yfirumsjón með sjóðnum, tekur ákvörðun um úthlutun og hefur eftirlit með nýtingu fjármuna sjóðsins.

Stjórn Vinnustaðanámssjóðs árið 2016 skipuðu:

- *Ólafur Grétar Kristjánsson*, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis, formaður
- *Halldóra Friðjónsdóttir*, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytis
- Fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja:  
*Birna Ólafsdóttir*, nefndarmaður  
*Jakobína Eygló Benediktsdóttir*, varamaður
- Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins:  
*Guðrún Svanfríður Eyjólfsson*, nefndarmaður  
*Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir*, varamaður
- Fulltrúar Sambands íslenskra framhaldsskólanema:  
*Hildur Björgvinsdóttir*, nefndarmaður  
*Arnhildur Lilý Karlsdóttir*, varamaður
- Fulltrúar Félags íslenskra framhaldsskóla:  
*Jón Björgvin Stefánsson*, nefndarmaður  
*Olga Lís Garðarsdóttir*, varamaður
- Fulltrúar Alþýðusambands Íslands:  
*Niels Sigurður Olgeirsson*, nefndarmaður  
*Hilmar Harðarson*, varamaður
- Fulltrúar Kennarasambands Íslands:  
*Guðlaug Ragnarsdóttir*, nefndarmaður  
*Guðný Lára Petersen*, varamaður
- Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga:  
*Sólveig Bachmann Gunnarsdóttir*, nefndarmaður  
*Tryggvi Þórhallsson*, varamaður

Stjórnin hélt fimm fundi á árinu:

- 6. janúar
- 14. janúar
- 21. janúar
- 10. maí
- 7. desember

Stjórn Vinnustaðanámssjóðs hélt þrjá fundi í janúar sem allir miðuðust að því að leita leiða til þess að lækka umsýslukostnað sjóðsins. Fulltrúar IÐUNNAR fræðsluseturs og Rannís voru gestir á þessum fundum en þeir fengu það hlutverk að leita leiða og leggja fram tillögur um hvernig ná mætti kostnaðinum niður. Í maí var haldinn fundur þar sem stjórnin tók afstöðu til breytingatillagna sem ráðuneytið gerði við nýja reglugerð um Vinnustaðanámssjóð og eftir að endanleg útgáfa hennar hafði verið samþykkt var opnað fyrir umsóknir í sjóðinn. Í desember kom stjórnin svo saman í síðasta sinn og tók afstöðu til þeirra umsókna sem sjóðnum bárust í umsóknarfrestinum. Stjórn Vinnustaðanámssjóðs lét af störfum að síðasta fundi ársins loknum. Ný stjórn verður skipuð til fjögurra ára eftir áramótin.

## Umsýsla

Hlutverk Rannsóknarmiðstöðvar Íslands, Rannís, er að sjá um alla almenna umsýslu í kringum Vinnustaðanámssjóð. Rannís sér um að auglýsa umsóknarfresti fyrir hönd stjórnar, tekur á mótí umsóknum í gegnum rafrænt umsóknarkerfi og sendir þær áfram til réttara umsýslaraðila. Rannís sér um að svara öllum umsækjendum, tekur saman lokaskýrslur og tölfræði vegna sjóðsins, sér um upplýsingagjöf til umsækjenda og heldur utan um fundi stjórnar.

Rannís sér um að vinna umsóknir frá heilbrigðis- og félagsgreinum og uppeldis- og tómstundagreinum, Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins sér um rafiðngreinar og IÐAN fræðslusetur sér um bygginga- og mannvirkjagreinar, farartækja- og flutningsgreinar, hönnunar- og handverksgreinar, matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreinar, málm-, véltækni- og framleiðslugreinar, snyrtigreinar og upplýsinga- og fjölmiðlagreinar. Þegar farið er yfir umsóknir er athugað hvort námssamningur sé fyrir hendi.

Eftir að stjórn hefur samþykkt úthlutun fá umsækjendur senda staðfestingu um styrkveitingar með tölvupósti. Að vinnustaðanámi eða starfsþjálfun lokinni sendir ábyrgðaraðili vinnustaðanáms staðfestingu þess að framvinda vinnustaðanáms standist skilyrði styrkveitingar, sér til þess að staðfestur náms- eða starfsþjálfunarsamningur liggi fyrir og útvegar skjöl sem sanna að vinnustaðanámið hafi átt sér stað. Þá er styrkgreiðsla innt af hendi. Á árinu 2016 greiddu IÐAN fræðslusetur og Fræðsluskrifstofa rafiðnarins sínum hluta umsækjenda. Mennta- og menningarmálaráðuneytið greiddi vegna þeirra umsókna sem Rannís sá um að fara yfir.

Umsýslu sjóðsins annaðist Jón Svanur Jóhannsson, starfsmaður Rannís.

## Starfsemi

Fjárveiting til Vinnustaðanámssjóðs var 245 m.kr. á fjárlögum 2016, sem var 95 m.kr. aukning frá því árið áður. Á seinni hluta ársins 2015 þurfti stjórn Vinnustaðanámssjóðs, vegna mikillar aðsóknar í sjóðinn, að grípa til þess ráðs að skerða styrkupp hæðir til fyrirtækja úr 12.000 krónum í 5.000 krónur fyrir hvern nemanda á viku. Jafnframt ákvað stjórnin að nýta hluta af fjármagni ársins 2016 til þess að „leiðrétta“ þennan niðurskurð og greiða öllum styrkþegum þær 7.000 krónur sem upp á vantaði til að styrkurinn yrði óbreyttur. Leiðréttingin nam alls 60,2 m.kr. og því hafði sjóðurinn tæpar 185 m.kr. til ráðstöfunar á árinu að frádregnum umsýslukostnaði. Rannís hélt áfram samstarfi við IÐUNA og Rafiðnaðarsambandið um tiltekna þætti í framkvæmd þessara styrkveitinga.

Stjórn Vinnustaðanámssjóðs hafði í lok árs 2015 ákveðið að grípa til aðgerða til þess að lækka umsýslukostnað við sjóðinn og fundaði í því sambandi bæði með fulltrúum Rannís og IÐUNNAR í ársbyrjun 2016. Ákveðið var að einfalda umsóknarferlið mikið frá því sem áður var og voru helstu breytingar eftirfarandi:

- Fyrirtæki þurfa ekki lengur að gefa upp nöfn vinnustaðanema í umsókn heldur einungis að gefa upp áætlaðan fjölda nema yfir árið og áætlaðan heildarfjölda vikna sem þeir munu vinna á árinu. Fyrirtækin fá styrkvilyrði sem reiknuð eru út frá þessum áætlunum og fá þau síðan greiddan styrk fyrir hverja viku sem hver vinnustaðanemi innir af hendi á árinu. Fyrirtækin þurfa, að vinnustaðanámi loknu, að útvega gögn sem sanna að það hafi átt sér stað.
- Styrkir verða ekki lengur greiddir í tvennu lagi heldur verður öll upphæðin greidd að vinnustaðanámi loknu eftir að umsýsluaðilar hafa yfirfarið öll gögn.
- Umsóknarlotum var fækkað úr fjórum í tvær yfir árið. Í báðum umsóknarlotunum verður fyrirtækjum þó gert kleift að sækja um vinnustaðanámstyrki fyrir allt almanaksárið.

Semja þurfti nýja reglugerð um Vinnustaðanámssjóð til að koma þessum breytingum í gagnid og var hún samþykkt og undirrituð 10. maí 2016. Þá var svo langt liðið á fyrri umsóknarlotuna að ákveðið var að sameina hana seinni lotunni. Var því opið fyrir umsóknir frá maí og fram til 15. nóvember.

Alls bárust Vinnustaðanámssjóði 159 umsóknir um styrki fyrir samtals 18.573 vikur vegna 668 nema á árinu 2016. Styrkupp hæðin hafði verið ákveðin 12.000 krónur á viku fyrir hvern nema í vinnustaðarnámi og námu því heildarstyrkbeiðnir ársins tæpum 222,9 m.kr.

Þegar tímabilið var gert upp að árinu loknu varð ljóst að endanlegur fjöldi vinnustaðanámsvikna sem staðist höfðu skilyrði styrkveitingarinnar nam 15.182 vikum og voru því greiddar út um 182,2 milljónir króna í vinnustaðanám fyrir árið 2016.

## Úthlutanir

Styrkjum var úthlutað til 36 greina, mest til matreiðslu (38,06% af heildarúthlutun ársins), framreiðslu (8,25%), húsmíði (7,22%), bifvélavirkjunar (6,61%) og sjúkraliðanáms (5,42%).

Greinar í matvæla-, veitinga og ferðaþjónustugeiranum fengu langmestu styrkveitinguna á árinu 2016 eða alls 98,9 m.kr. af þeim 182,2 m.kr. sem úthlutað var. Þetta jafngildir 54,29% af heildarúthlutun

ársins. Um er þó að ræða lækkað hlutfall samanborið við árið 2015 en þá var matvæla-, veitinga- og ferðabjónustugreinum úthlutað alls 108,3 m.kr. eða 59,11% af heildarúthlutun þess árs.

Næstmesta úthlutun á árinu 2016 hlutu bygginga- og mannvirkjagreinar sem fengu alls 21,4 m.kr. eða 11,77 %. Þessi geiri bætir þó nokkuð við sig því árið 2015 var úthlutunin til þessara greina 18 m.kr. eða 9,84%.

Farartækja- og flutningsgreinar koma þar á eftir en þær fengu alls 14,9 m.kr. af heildarúthlutun ársins, eða 8,19%. Þessi geiri bætir mest allra við sig á milli ára, en úthlutun til hans árið 2015 nam 5,2 m.kr. eða 2,85%.

Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar fengu 12,7 m.kr. í sinn hlut (6,96%), sem var lækkun frá árinu 2015 þegar úthlutunin nam 14,5 m.kr. (7,93%).

Snyrtigreinar fengu úthlutað alls 11,8 m.kr. (6,50%) og er því um að ræða nokkra lækkun í þeim geira annað árið í röð. Árið 2015 var 14,5 m.kr. (7,91%) úthlutað til geirans og árið þar á undan nam styrkuppþæðin 18,2 m.kr. (9,72%).

Heilbrigðis- og félagsgreinar voru sá geiri sem varð fyrir mestri skerðingu á milli ára en alls var 11,1 m.kr. (6,13%) úthlutað í þær greinar á árinu 2016, samanborið við 15,9 m.kr. (8,67%) árið áður.

Heilbrigðis- og félagsgreinar voru þannig í sjötta sæti yfir mest styrktu greinar á árinu 2016 eftir að hafa verið í þriðja sæti árið áður.

Á næstu blaðsíðum eru þrjár töflur sem sýna helstu úthlutunartölur Vinnustaðanámssjóðs á þessu og síðustu árum. Tafla 1 birtir upplýsingar um hvernig heildarúthlutun Vinnustaðanámssjóðs hefur þróast á síðustu árum; tafla 2 inniheldur upplýsingar um úthlutun til einstakra fyrirtækja á árinu 2016; og í töflu 3 má finna tölulegar upplýsingar um skiptingu úthlutunar eftir starfsnámsbrautum á árinu.

**Tafla 1. Heildarúthlutun Vinnustaðanámssjóðs frá 2013-2016**

Tímabil	Fjöldi fyrirtækja og stofnana	Fjöldi nemenda	Greiðsla á viku	Heildarúthlutun
<b>2013, vor</b>	134	491	12.000 kr.	75,8 m.kr.
<b>2013, haust</b>	119	402	12.000 kr.	72,0 m.kr.
<b>2014, vor</b>	142	498	12.000 kr.	94,4 m.kr.
<b>2014, haust</b>	118	492	12.000 kr.	92,8 m.kr.
<b>2015, vor</b>	140	554	12.000 kr.	103,4 m.kr.
<b>2015, haust</b>	127	498	5.000 kr.	43,0 m.kr.
<b>Aukaúthlutun <sup>1</sup></b>	127	498	7.000 kr.	60,2 m.kr.
<b>2016</b>	142	645	12.000 kr.	181,7 m.kr.

<sup>1</sup> Stjórn Vinnustaðanámssjóðs þurfti, vegna fjármagnsskorts á seinni hluta ársins, að skerða greiðslu til fyrirtækja í haustúthlutun úr 12.000 kr. í 5.000 kr. Stjórnin ákvað þó jafnframt að leiðrétta skerðinguna með því að veita öllum styrkþegum aukastyrk upp á 7.000 krónur og var sú fjárhæð tekin af fjárlögum ársins 2016. Þar sem féð var nýtt til þess að hækka/leiðrétta styrkuppþæð sem veitt var á árinu 2015 birtist hún í þeim stað í töflunni en ekki í uppgjörinu fyrir árið 2016.

**Tafla 2. Listi yfir úthlutanir árið 2016**

Fyrirtæki/stofnun	Námsbraut/starfsgrein	Fjöldi nema	Samtals vikur	Samtals kr.
101 Hár ehf.	Hársnyrtiiðn	1	22	264.000
1486 ehf.	Matreiðsla og framreiðsla	5	136	1.632.000
Aðalmúr ehf.	Múraraíðn	4	117	1.404.000
Aftak ehf.	Húsasmíði	4	144	1.728.000
Akurskóli	Leikskólaliðabraut og skólaliðabraut	2	5	60.000
Alhliða pípulagnir sf.	Pípulagnir	6	215	2.580.000
Amaró ehf.	Kjólasaumur	1	16	192.000
Anna María Design	Gull- og silfursmíði	2	35	420.000
Apótek Grill ehf.	Matreiðsla og framreiðsla	7	217	2.604.000
Austurströnd ehf.	Bakaraíðn	2	30	360.000
ÁK smíði ehf.	Rafvirkjun og húsasmíði	9	273	3.276.000
Átak heilsurækt	Snyrtifræði	2	47	564.000
Bakarameistarinn ehf.	Bakaraíðn	4	79	948.000
Bakarinn ehf.	Bakaraíðn	2	93	1.116.000
Bakarið við brúna ehf.	Bakaraíðn	2	78	936.000
Bautinn ehf.	Matreiðsla	6	124	1.488.000
Bernhard ehf.	Bifvélavirkjun	3	104	1.248.000
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf.	Bifvélavirkjun	2	96	1.152.000
Bílamálun Egilsstöðum ehf.	Bifreiðasmíði og bílamálun	2	28	336.000
Bílastjarnan ehf.	Bílamálun	1	32	384.000
Bílaumboðið Askja ehf.	Vélvirkjun og bifvélavirkjun	10	336	4.032.000
Bílaverkstæði Einars Þórs	Bifvélavirkjun	1	42	504.000
Bílaverkstæði Hjalta ehf.	Bifvélavirkjun	1	33	396.000
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf.	Bifvélavirkjun	1	20	240.000
Bílaverkstæði Sigurlaugs Baldurssonar	Bifvélavirkjun	1	28	336.000
Bílson ehf.	Bifvélavirkjun	3	84	1.008.000
BL ehf.	Bifvélavirkjun, bílamálun og bifreiðasmíði	6	188	2.256.000
Bláa lónið hf. (Veitingasvið)	Matreiðsla og framreiðsla	15	584	7.008.000

Fyrirtæki/stofnun	Námsbraut/starfsgrein	Fjöldi nema	Samtals vikur	Samtals kr.
<i>Blikk- og tækniþjónustan</i>	Blikksmíði	3	82	984.000
<i>Blondie hársnyrtistofa</i>	Hársnyrtiiðn	1	9	108.000
<i>Bogi ehf.</i>	Gull- og silfursmíði	1	48	576.000
<i>Borgarbyggð – leikskólinn Klettaborg</i>	Leikskólaliðabraut	1	2	24.000
<i>Brúskur hárstofa ehf.</i>	Hársnyrtiiðn	2	46	552.000
<i>Byggingarfélagið Bakki ehf.</i>	Húsasmíði	4	159	1.908.000
<i>Comfort Snyrtistofa ehf.</i>	Snyrtifræði	1	40	480.000
<i>Cosmetics ehf.</i>	Snyrtifræði	1	26	312.000
<i>Dvalarheimilið Ás</i>	Sjúkraliðanáám	4	16	192.000
<i>Elektrus ehf.</i>	Rafvirkjun	2	96	1.152.000
<i>En ehf.</i>	Kjólasaumur	1	24	288.000
<i>ETH ehf.</i>	Húsasmíði	2	96	1.152.000
<i>Eykt ehf.</i>	Húsasmíði	5	115	1.380.000
<i>Fagsmíði ehf.</i>	Húsasmíði	3	80	960.000
<i>FG veitingar ehf.</i>	Matreiðsla	5	142	1.704.000
<i>Flugleiðahótel ehf. (Canopy Reykjavík City Centre)</i>	Matreiðsla	9	266	3.192.000
<i>Flugleiðahótel ehf. (Hilton Reykjavík Nordica)</i>	Matreiðsla og framreiðsla	47	1.450	17.400.000
<i>Flugleiðahótel ehf. (Icelandair Hotels)</i>	Matreiðsla	3	101	1.212.000
<i>Flugleiðahótel ehf. (Marina/Slippbarinn)</i>	Matreiðsla	8	210	2.520.000
<i>Flugleiðahótel ehf. (Reykjavík Natura)</i>	Bakaraiðn, framreiðsla og matreiðsla	22	825	9.900.000
<i>G 15 ehf.</i>	Gull- og silfursmíði	1	48	576.000
<i>Galito slf.</i>	Matreiðsla	3	103	1.236.000
<i>Gamla fiskfélagið ehf.</i>	Matreiðsla og framreiðsla	15	396	4.752.000
<i>Glugga- og hurðarsmiðja SB ehf.</i>	Húsasmíði	2	48	576.000
<i>GRB ehf.</i>	Kjötiðn	1	44	528.000
<i>Greiðan hárgreiðslustofa slf.</i>	Hársnyrtiiðn	5	90	1.080.000
<i>Grund hjúkrunarheimili</i>	Sjúkraliðanáám	1	7	84.000
<i>Gylfaflöt dagþjónusta</i>	Félagsliðabraut	3	9	108.000
<i>Hár og rósir hárstofa ehf.</i>	Hársnyrtiiðn	1	24	288.000
<i>Hárkompan ehf.</i>	Hársnyrtiiðn	1	18	216.000
<i>Hárnet ehf.</i>	Hársnyrtiiðn	2	52	624.000
<i>Hársnyrtistofan Korner ehf.</i>	Hársnyrtiiðn	1	30	360.000
<i>Heilbrigðisstofnun Norðurlands</i>	Sjúkraliðanáám	2	10	120.000
<i>Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins</i>	Læknaritarabraut og sjúkraliðanáám	8	53	636.000

Fyrirtæki/stofnun	Námsbraut/starfsgrein	Fjöldi nema	Samtals vikur	Samtals kr.
Hekla hf.	Bifvélavirkjun	3	80	960.000
Héðinn hf.	Rennismíði, vélvirkjun, stálmíði og rafvirkjun	7	233	2.796.000
HM pípulagnir Akranesi ehf.	Pípulagnir	1	48	576.000
HR ehf.	Matreiðsla og framreiðsla	9	275	3.300.000
Hrafnista, dvalarheimili aldraðra Hafnarfirði	Sjúkraliðanám og félagsliðabraut	14	46	552.000
Hrafnista, dvalarheimili aldraðra Kópavogi	Sjúkraliðanám	2	8	96.000
Hrafnista, dvalarheimili aldraðra Reykjavík	Sjúkraliðanám	9	41	492.000
H-verk ehf.	Húsasmíði	1	42	504.000
Ísdís ehf.	Kjólasmúgur	1	16	192.000
Íslandshótel hf.	Matreiðsla og framreiðsla	9	326	3.912.000
Íslenski matarkjallarinn ehf.	Matreiðsla og framreiðsla	5	112	1.344.000
Ístak hf.	Húsasmíði, stálmíði og rafvirkjun	5	98	1.176.000
Janey ehf.	Hársnyrtiiðn	1	15	180.000
K6 ehf.	Matreiðsla og framreiðsla	6	238	2.856.000
Kea veitingar ehf.	Matreiðsla	4	131	1.572.000
KH veitingar ehf.	Matreiðsla og framreiðsla	18	570	6.840.000
Lagnaþjónusta Suðurnesja ehf.	Pípulagnir	2	83	996.000
Landspítali	Hjúkrunarritarabraut	4	24	288.000
Landspítali – aðgerðasvið	Sjúkraliðanám	4	45	540.000
Landspítali – eldhús og matsalir	Matartæknabraut	14	26	312.000
Landspítali – Rjóður	Félagsliðabraut	1	10	120.000
Landspítali – skurðlækningasvið	Sjúkraliðanám	26	416	4.992.000
Leikskólinn Vallarsel	Leikskólaliðabraut	1	2	24.000
Lipurtá ehf.	Snyrtifræði	4	105	1.260.000
Litamálun ehf.	Málaraiðn	2	67	804.000
Litlaprent ehf.	Prentsmíð (grafísk miðlun)	2	34	408.000
Ljósmyndir Rutar	Ljósmyndun	1	24	288.000
Medulla ehf.	Hársnyrtiiðn	1	11	132.000
Meitill – GT Tækni ehf.	Vélvirkjun og rafvirkjun	3	97	1.164.000
Mosfellsbakarí ehf.	Bakaraiðn	2	96	1.152.000
Mörk hjúkrunarheimili	Sjúkraliðanám	3	15	180.000
Norðlenska ehf.	Kjötiðn	2	36	432.000



Fyrirtæki/stofnun	Námsbraut/starfsgrein	Fjöldi nema	Samtals vikur	Samtals kr.
Nýherji hf.	Rafeindavirkjun	1	24	288.000
Okkar bakari	Bakaraiðn	2	94	1.128.000
Pípulagnir Samúels og Kára ehf.	Pípulagnir	2	55	660.000
Pottur ehf.	Matreiðsla	7	125	1.500.000
Rafeyri ehf.	Rafvirkjun og rafvélavirkjun	4	56	672.000
Rafgæði ehf.	Rafvirkjun	1	48	576.000
Rennsli ehf.	Pípulagnir	1	38	456.000
Reykjavíkurborg – félagsmiðstöðin Hellirinn	Félagsliðabraut	1	19	228.000
Reykjavíkurborg – Starfsmannafélag Fífuborgar	Leikskólaliðabraut	1	3	36.000
Reynir bakari ehf.	Bakaraiðn	2	91	1.092.000
RFO ehf.	Snyrtifræði	1	11	132.000
Rio Tinto á Íslandi hf.	Vélvirkjun, rafvirkjun og rafeindavirkjun	11	293	3.924.000
Rupia ehf.	Hársnyrtiiðn	1	6	72.000
Sandholt ehf.	Bakaraiðn	2	80	960.000
Sauðárkróksbakari	Bakaraiðn	1	48	576.000
Saumsprettan ehf.	Kjólasaumur og klæðskurður	4	39	468.000
Sjávargrillið	Matreiðsla	8	143	1.716.000
Sjúkrahúsið á Akureyri	Sjúkraliðanám og matartæknabraut	29	85	1.020.000
Skólavörðustígur 40 ehf. (Kol)	Matreiðsla	10	256	3.072.000
Sláturfélag Suðurlands	Kjötiðn og kjötskurður	7	228	2.736.000
Snyrti- og nuddstofan Paradís	Snyrtifræði	6	133	1.596.000
Snyrtimiðstöðin	Snyrtifræði	3	48	576.000
Snyrtistofan Alda ehf.	Snyrtifræði	2	27	324.000
Snyrtistofan Ágústa ehf.	Snyrtifræði	1	35	420.000
Snyrtistofan Dimmalimm slf.	Snyrtifræði	3	45	540.000
Snyrtistofan Helena fagra ehf.	Snyrtifræði	1	25	300.000
Snyrtistofan Jóna ehf.	Snyrtifræði	2	80	960.000
Snæfellsbær – Grunnskólinn Hellissandi	Skólaliðabraut	1	4	48.000
Stálsmiðjan Framtak ehf.	Vélvirkjun og rennismíði	10	205	2.460.000
Stílvopnið – valdefling og sköpun ehf.	Nýsköpunar- og listabraut	1	1	12.000
Stofnagnir ehf.	Pípulagnir	2	68	816.000
Sushisamba ehf.	Matreiðsla	7	165	1.980.000
Svansprent ehf.	Prentun og bókbund	2	76	912.000

Fyrirtæki/stofnun	Námsbraut/starfsgrein	Fjöldi nema	Samtals vikur	Samtals kr.
<i>Sveitarfélagið Árborg – Vinaminni</i>	Félagliðabraut	1	3	36.000
<i>Sveitarfélagið Skagafjörður – Þúfa</i>	Leikskólaliðabraut	1	3	36.000
<i>Tapas ehf.</i>	Matreiðsla	5	165	1.980.000
<i>Tímadjásn skartgripaverslun</i>	Gull- og silfursmíði	1	48	576.000
<i>TK bílar ehf – verkstæði</i>	Bifvélavirkjun, bílamálun og bifreiðasmíði	8	237	2.844.000
<i>Topphár ehf.</i>	Hársnyrtiiðn	1	42	504.000
<i>Tréverk ehf.</i>	Húsasmíði	1	30	360.000
<i>Tæknihlíðin ehf.</i>	Rafvélavirkjun	1	10	120.000
<i>Valgeirsbakarí ehf.</i>	Bakaraiðn	2	72	864.000
<i>Vélaverkstæðið Kistufell ehf.</i>	Bifvélavirkjun	1	27	324.000
<i>Viðmið ehf.</i>	Húsasmíði	2	41	492.000
<i>Vörðufell ehf.</i>	Húsasmíði	4	96	1.152.000
<i>ÞH Blikk ehf.</i>	Blikksmíði	4	168	2.016.000
<i>Þrír frakkar hjá Úlfari ehf.</i>	Matreiðsla	4	83	996.000
<i>Öldrunarheimili Akureyrar</i>	Sjúkráliðanáám	14	128	1.536.000
<b>Samtals</b>		<b>629</b>	<b>15.182</b>	<b>182.184.000</b>

**Tafla 3. Skipting úthlutunar eftir starfsnámsbrautum á árinu 2016**

Starfsnámsbrautir	Vilyrði	Hlutfall
<b>Matvæla-, veitinga- og ferðapjónustugreinar</b>	<b>98.904.000</b>	<b>54,29%</b>
Bakaraíðn	10.476.000	4,50%
Framreiðsla	15.024.000	8,25%
Kjötiðn	1.740.000	0,96%
Kjötskurður	1.956.000	1,07%
Matartæknabraut	360.000	0,20%
Matreiðsla	69.348.000	38,06%
<b>Bygginga- og mannvirkjagreinar</b>	<b>21.444.000</b>	<b>11,77%</b>
Húsasmíði	13.152.000	7,22%
Málaraiðn	804.000	0,44%
Múraraíðn	1.404.000	0,77%
Pípulagnir	6.084.000	3,34%
<b>Farartækja- og flutningsgreinar</b>	<b>14.916.000</b>	<b>8,19%</b>
Bifreiðasmíði	1.080.000	0,59%
Bifvélavirkjun	12.036.000	6,61%
Bílamálun	1.800.000	0,99%
<b>Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar</b>	<b>12.684.000</b>	<b>6,96%</b>
Blikksmíði	3.000.000	1,65%
Rennismíði	936.000	0,51%
Stálsmíði	648.000	0,36%
Vélvirkjun	8.100.000	4,44%
<b>Snyrtigreinar</b>	<b>11.844.000</b>	<b>6,50%</b>
Hársnyrtiiðn	4.380.000	2,40%
Snyrtifræði	7.464.000	4,10%
<b>Heilbrigðis- og félagsgreinar</b>	<b>11.172.000</b>	<b>6,13%</b>
Félagsliðabraut	528.000	0,29%
Hjúkrunarritarabraut	288.000	0,16%
Læknaritarabraut	480.000	0,26%
Sjúkraliðanáam	9.876.000	5,42%
<b>Rafiðngreinar</b>	<b>6.084.000</b>	<b>3,34%</b>
Rafeindavirkjun	696.000	0,38%
Rafvélavirkjun	264.000	0,14%
Rafvirkjun	5.124.000	2,81%
<b>Hönnunar- og handverksgreinar</b>	<b>3.288.000</b>	<b>1,80%</b>
Gull- og silfursmíði	2.148.000	1,18%
Kjólasaumur	1.068.000	0,59%
Klæðskurður	72.000	0,03%
<b>Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar</b>	<b>1.620.000</b>	<b>0,89%</b>
Bókband	456.000	0,25%
Ljósmyndun	288.000	0,16%

<b>Starfsnámsbrautir</b>	<b>Vilyrði</b>	<b>Hlutfall</b>
Nýsköpunar- og listabraut	12.000	0,00%
Prentsmíð (grafísk miðlun)	408.000	0,22%
Prentun	456.000	0,25%
<b>Uppeldis- og tómstundagreinar</b>	<b>228.000</b>	<b>0,13%</b>
Leikskólaliðabraut	144.000	0,08%
Skólaliðabraut	84.000	0,05%
<b>Samtals</b>	<b>183.198.000</b>	<b>100,00%</b>

Reykjavík, 22. ágúst 2017

Jón Svanur Jóhannsson, Rannís